

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 31. mars 2006 í máli nr. D-5/2006:

A

*(Lára Valgerður Júlíusdóttir hrl.)*

**gegn**

B

*(Katrín Theodórsdóttir hdl.)*

Málið barst dóminum 19. janúar sl. Það var þingfest 10. febrúar sl. og tekið til úrskurðar 15. mars sl.

Sóknaraðili er A Reykjavík.

Varnaraðili er B Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að við skipti á þeim eignum og skuldum sem voru til staðar þegar aðilar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng í apríl 2003 verði byggt á fjárskiptasamningi aðila frá í apríl 2003 og komi þær eignir því ekki til skipta nú með vísan til 111. gr. laga nr. 31/1993. Við skipti á þeim eignum og skuldum sem til hafa orðið eftir að aðilar hófu að nýju sambúð í júní 2003 verði beitt “skáskiptareglu” 104. gr. laga nr. 31/1993 þannig að hvort hjóna um sig taki það sem þau komu með í búð á því tímabili.

Varnaraðili “krefst þess að hún verði sýknuð af báðum kröfum sóknaraðila. Hún gerir aðallega þær kröfur að fjárskiptin taki til heildareigna hvors hjóna um sig og krefst hún helmings úr skírri hjúskapareign sóknaraðila. Til vara krefst hún þess, komist rétturinn að þeirri niðurstöðu að aðeins komi til skipta þær eignir sem myndast hafa í hjónabandi aðila eftir brottfall skilnaðar að borði og sæng, þá fellst hún á kröfur sóknaraðila um skáskipti á þeim eignum sem myndast hafa eftir þann tíma og krefst þess að íbúðin að .....Reykjavík, verði metin hennar eign. Jafnframt krefst gerðarþoli helmingshlutdeildar í þeim hjúskapareignum gerðarbeiðanda sem ekki komu til skipta á árinu 2003 svo sem áunnum lífeyrisréttindum gerðarbeiðanda í Lífeyrissjóði..... og eftir atvikum eignarhlutdeild hans í séreignasjóði. Til þrautavara krefst hún þess, verði niður staðan sú að aðeins komi til skipta þær eignir sem myndast hafa í hjónabandi aðila eftir brottfall skilnaðar að borði og sæng, að beitt verði skiptum á grundvelli helm ingaskiptareglna hjúskaparlaganna og krefst hún helmings úr skírri hjúskapareign sóknaraðila í þeim eignum sem myndast hafa eftir þann tíma.” Þá er krafist

málkostnaðar.

Upphaflega hafði sóknaraðili krafist þess að bú hans og varnaraðila yrði tekið til opinberra skipta til fjárslita þeirra á milli. Síðar varð samkomulag með aðilum um að leggja ágreining sinn fyrir dóminn með heimild í 2. mgr. 125. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Féll sóknaraðili þá frá kröfu um opinber skipti.

## II

Málavextir eru þeir að aðilar gengu í hjónaband 1997 eftir að hafa búið saman frá árinu 1992. Þeir fengu skilnað að borði og sæng ... 2003, en hófu sambúð að nýju í júní það ár. Í janúar á þessu ári slitu þau samvistir er sóknaraðili flutti af heimilinu.

Meðal gagna málsins er endurrit úr hjónaskilnaðarbók frá .... júlí 2005. Varnaraðili mætti þá hjá sýslumanni og er haft eftir henni að hún dragi “til baka kröfu sín um lögskilnað á grundvelli 1. mgr. 36. gr. hjúskaparlaga, en í stað þess gera kröfu um skilnað að borði og sæng á grundvelli 33. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Hún kveðst ekki hafa áttað sig á því er hún mætti hjá sýslumanninum í Reykjavík þann .... maí sl. að hjónaband þeirra hafi raknað við á ný, þar sem þau hafi tekið aftur upp samvistir í júní 2003 og séu að slíta samvistir nú í júlímánuði.” Sóknaraðili mætti ekki hjá sýslumanni, þrátt fyrir boðanir, og í nóvember sl. vísaði sýslumaður málinu frá sér.

Sóknaraðili heldur því fram að þrátt fyrir að aðilar hafi hafið sambúð að nýju í júní 2003 þá hafi hann ekki flutt lögheimili sitt á sameiginlegt heimili aðila og hann hafi haldið áfram að greiða meðlag með börnum þeirra og geri enn. Þá heldur sóknaraðili því og fram að við skilnaðinn í apríl 2003 hafi verið gerður samningur um eignaskipti. Samningur þessi er ekki meðal gagna málsins, en varnaraðili hefur ekki mótmælt tilvist hans.

Af hálfu varnaraðila er gerð sú athugasemd að það hafi verið ákvörðun sóknaraðila að þau yrðu skráð með sitt hvort lögheimilið til að fá hærri barna- og vaxtabætur og eins til að greiða lægri leikskólagjöld. Hið rétta sé hins vegar að þau hafi búið saman í hjónabandi og rekið heimilið sameiginlega allt þar til í janúar síðastliðnum.

## III

Sóknaraðili byggir á því að við skilnað aðila í apríl 2003 hafi verið gerður samningur um fjárskipti og geti því ekki aðrar eignir komið til skipta nú en þær sem myndast hafa eftir þann tíma, sbr. 111. gr. hjúskaparlaga. Þess vegna falli þær eignir utan skipta nú sem skipt var áður og einungis sé þörf á að skipta þeim eignum sem mynduðust meðan á síðari sambúðartíma stóð. Við þau skipti krefst sóknaraðili þess að vikið verði frá helmingaskiptareglunni, sbr. 104. gr. hjúskaparlaga. Aðilar hafi ekki ætlað að taka upp fjárfélag að nýju þegar þau hófu

sambúð aftur og eigi því hvort um sig að taka þá muni er það kom með í búið meðan á seinni sambúðinni stóð. Það sem hann hafi keypt á þessu tímabili sé hans eign.

Varnaraðili byggir aðallega á því að samkvæmt meginreglu hjúskaparlaga skuli við fjárskipti milli hjóna vegna skilnaðar beita helmingaskiptareglunni, enda eigi undantekningar frá henni ekki við. Skilnaður aðila að borði og sæng í apríl 2003 hafi fallið niður er þau hófu aftur sambúð í júní sama ár, sbr. 35. gr. laganna. Hjónabandið hafi þá raknað við, enda hafi þau búið saman sem hjón þar til í janúar á þessu ári. Réttaráhrif skilnaðarins, þar með talin fjárskiptin, hafi því aldrei orðið virk og af því leiði að 111. gr. eigi ekki við.

#### IV

Við aðalmeðferð málsins lagði lögmaður varnaraðila fram kröfugerð á sérstöku dómskjali og er hún tekin upp hér að framan. Lögmaður sóknaraðila mótmælti kröfugerð lögmanns varnaraðila, þar sem kröfur þær sem þar komi fram séu of seint fram komnar. Taldi lögmaðurinn að kröfur í greinargerð væru kröfur varnaraðila í málinu. Í munnlegum flutningi kom fram hjá lögmanni varnaraðila að hann hefði ekki uppi nýja og breytta kröfugerð í málinu, heldur hefði hann við flutning málsins kosið að taka kröfur sínar saman á einu skjali í stað þess að í greinargerð væru þær vafðar inn í málsútlitun hans.

Athugun á greinargerð lögmanns varnaraðila leiðir í ljós að kröfur hennar, sem raktar voru hér að framan, koma fram í greinargerð hennar þótt ekki sé það á þann skipulega hátt í upphafi sem lög gera ráð fyrir, sbr. d lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki er því um nýja kröfugerð að ræða og þurfa mótmæli lögmanns sóknaraðila þar af leiðandi ekki frekari umfjöllunar við.

Það er upplýst í málinu að aðilar skildu að borði og sæng .... apríl 2003, en tóku upp sambúð aftur í júní sama ár. Við það féllu niður réttaráhrif skilnaðarins, sbr. 35. gr. hjúskaparlaga. Engu breytir um þetta þótt sóknaraðili hafi haldið skráðu lögheimili annars staðar, enda er því ómótmælt að hann hafi búið og haldið heimili með varnaraðila allt þar til í janúar á þessu ári. Þegar aðilar hófu sambúð að nýju verður ekki annað séð af gögnum málsins en þau hafi endurreist sameiginlegt fjárfélag sitt og þar með hafi fallið úr gildi samningur þeirra um eignaskipti er þau gerðu við skilnaðinn. Samkvæmt þessu verður að hafna kröfum sóknaraðila. Jafnframt er úrskurðað að við fjárskipti milli aðila skuli beitt helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga.

Málskostnaður skal falla niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

## Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, A, er hafnað og skal við fjárskipti vegna skilnaðar hans við varnaraðila, B, beitt helmingaskiptareglu hjúskaparlaga.

Málskostnaður fellur niður.

Arngrímur Ísberg